



Reykjavík 7. apríl 2016

Ágæti alþingismaður,

Á fundi Velferðarvaktarinnar þann 5. apríl sl. var samþykkt að senda alþingismönnum eftirfarandi upplýsingar:

Samkvæmt skipunarbréfi Velferðarvaktarinnar á hún m.a. að huga „...að velferð og afkomu efnalítilla barnafjölskyldna, sérstaklega einstæðra foreldra og barna þeirra og afla upplýsinga um aðstæður þeirra sem búa við sára fátækt svo draga megi úr henni“. Þar sem Velferðarvaktinni er ætlað að huga að velferð efnalítilla barna og barnafjölskyldna og þeirra sem höllum fæti standa hefur hún kynnt sér stefnu stjórnvalda í áfengis- og vímuvörnum til ársins 2020 sem gerð var opinber í upphafi árs 2014 (<https://www.velferdarraduneyti.is/media/rit-og-skyrslur-2014/Stefna-i-afengis--og-vimuvornum-desember-2013.pdf> ).

Í stefnunni kemur fram að fjöldi rannsókna sýna að mikilvægt sé að takmarka aðgengi að áfengi og öðrum vímugjöfum til að vernda börn og ungmenni.

Velferðarvaktin bendir sérstaklega á eftirfarandi áhersluatriði stefnunnar „Öll börn og ungmenni eiga rétt á að alast upp í umhverfi þar sem þau eru vernduð gegn neikvæðum afleiðingum áfengis- og vímuefnaneyslu.“

og

„Nýjar innlendar rannsóknir og erlendar samanburðarrannsóknir sýna að umtalsverður árangur hefur náðst í að draga úr notkun áfengis, ólöglegra vímuefna og tóbaks meðal grunnskólanemenda á Íslandi og er notkun þessara efna nú að meðaltali sú lægsta í Evrópu. Þá er heildaráfengisneysla á Íslandi undir meðaltali í Evrópu og má ætla að sú aðhaldsstefna sem ríkt hefur hér á landi eigi sinn þátt í því. Rannsóknir hafa sýnt að aðgerðir sem draga úr aðhaldi eru til þess fallnar að auka neyslu hvaða vímugjafa sem um ræðir.“

Velferðarvaktin tekur heilshugar undir stefnu stjórnvalda um heilbrigði og velferð sem birtist í aðalnámskrám fyrir leik-, grunn- og framhaldsskóla sem mennta- og menningarmálaráðuneytið staðfesti árið 2011 en þar kemur m.a. fram að heilbrigði og hollar lífsvenjur séu grundvallaratriði í velferð nemenda.

Fyrir hönd Velferðarvaktarinnar,  
Siv Friðleifsdóttir, formaður.

Yfirlit yfir rannsóknir tengdar börnum og ungmennum:

<https://www.velferdarraduneyti.is/media/skyrslur2016/Felagsvisar-2015.pdf> (minnkandi neysla áfengis, tóbaks og fíkniefna barna sbr. töflu 40, bls. 36)

*WHO, Alcohol and inequities. Guidance for addressing inequities in alcohol-related harm.*  
<http://www.euro.who.int/en/health-topics/disease-prevention/alcohol-use/publications/2014/alcohol-and-inequities.-guidance-for-addressing-inequities-in-alcohol-related-harm-2014>

*WHO, Declaration on young people and alcohol.*

[http://www.euro.who.int/\\_data/assets/pdf\\_file/0011/88589/E73074.pdf?ua=1](http://www.euro.who.int/_data/assets/pdf_file/0011/88589/E73074.pdf?ua=1)

*WHO, Evidence for the effectiveness and cost-effectiveness of interventions to reduce alcohol-related harm.*

[http://www.euro.who.int/\\_data/assets/pdf\\_file/0020/43319/E92823.pdf?ua=1](http://www.euro.who.int/_data/assets/pdf_file/0020/43319/E92823.pdf?ua=1)

*Why do Danish teenagers drink so much?*

<http://www.nordicwelfare.org/PageFiles/4207/Gundelach%20J%C3%A4rvinen.pdf>

*Sundhedsstyrelsen – Når mor og far drikker. Faktablad.*

<http://sundhedsstyrelsen.dk/da/sundhed-og-livsstil/alkohol/~/media/A5374B41E5444F5EA2FCD9781BDFA978.ashx>

*Embætti landlæknis, samantekt um skaðleg áhrif áfengis, og margar um mikilvægi þess að draga úr aðgengi til að skaðaminnkunar.*

[http://www.landlaeknir.is/servlet/file/store93/item24904/Ranns%C3%B3knarsk%C3%BDrslur%20um%20%C3%A1fengism%C3%A1l\\_samantekt.pdf](http://www.landlaeknir.is/servlet/file/store93/item24904/Ranns%C3%B3knarsk%C3%BDrslur%20um%20%C3%A1fengism%C3%A1l_samantekt.pdf)

*WHO, skýrsla um mikilvægi þess að koma í veg fyrir ofbeldi með því að draga úr aðgengi og skaðlegri notkun áfengis.*

[http://apps.who.int/iris/bitstream/10665/44173/1/9789241598408\\_eng.pdf](http://apps.who.int/iris/bitstream/10665/44173/1/9789241598408_eng.pdf)

*Velferðarvaktin er óháður álitsgjafi sem leggur fram tillögur til stjórnvalda og hagsmunasamtaka.*